



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Reykjavík 6. nóvember 2018

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
Reykjavík

Þingsályktunartillaga um eflingu björgunarskipaflota Landsbjargar, 125. mál
- Umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar -

Slysavarnafélagið Landsbjörg fagnar þingsályktunartillögum og bendir á mikilvægi þess að hún verði samþykkt. Endurnýjun björgunarskipa félagsins er stærsta fjárfestingarverkefni sem félagið hefur staðið frammi fyrir í 90 ára sögu þess en áætlað er að heildarkostnaður verkefnisins verði u.þ.b. tveir milljarðar króna. Ljóst er að félagið mun ekki geta fjármagnað þetta stóra verkefni með sjálfsaflafé félagsins einu saman og er það því lykilatriði að stjórnvöld og hagsmunaaðilar komi að málum að myndarskap.

Slysavarnafélagið Landsbjörg (SL) rekur 13 stór björgunarskip, skipin eru flest af Arun gerð smíðuð úr trefjaplasi og keypt af konunglegu bresku sjóbjörgunarsamtökunum (RNLI) á árunum 2000-2007, utan B/S Þór í Vestmannaeyjum sem smíðaður var í Noregi fyrir Björgunarfélag Vestmannaeyja árið 1993. Arun skipin byggja á hönnun sem RNLI frá 1971 og voru þessi skip í þjónustu þeirra fram til ársins 2008. Þau skip sem SL hefur yfir að ráða núna eru smíðuð á árunum 1975-1988 og er meðalaldur þeirra nærri 35 ár Arun skipin er öflug skip með gott farsvið (250 sml) en komin til ára sinna. Meðal ganghraði þessara skipa eru 15 sml. en elstu skipin ganga þó nokkuð hægar. Flest sjóbjörgunarsamtök í vestur Evrópu hafa sett sér það markmið að reka ekki eldri björgunarskip en 25 ára og hjá sumum samtökum er nýtingatíminn að hámarki 15 ár. Þá eiga flest systursamtök félagsins það sameiginlegt að vera með hraðgengari skip en Arun skipin enda er krafa þeirra um vinnuganghraða björgunarskipa allt að 30 sml.

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur að undanfögnu lagt mikla vinnu í að rýna núverandi skipakost og þá kosti sem uppi eru varðandi endurnýjun björgunarskipanna, m.a. m.t.t. stærðar, afkastagetu, ganghraða o.fl. en ekki síst að teknu tilliti til staðsetningar í kring um landið.

Fulltrúar allra björgunarbátasjóða félagsins hafa komið að þeirri vinnu jafnframt hefur verið skipaður vinnuhópur sjö fulltrúa björgunarbátasjóðanna sem vinnur nú með hönnuðum fyrirtækisins Rafnar að hönnun nýrra björgunarskipa.



Farsælt starf í 90 ár

Það er eindreginn vilji SL að endurnýja björgunarskipafloata sinn með það að markmiði að auka öryggi allra sjófarenda. Auknar farþegasiglingar, fjölgun skemmtiferðaskipa sem heimsækja landið sem og breytingar í samsetningu fiskiskipaflotans og hraðskreiðari skipa og báta kalla á uppfærslu þeirra bjarga sem viðbragðsaðilar búa að.

Þar skipa björgunarskip SL veigamikil hlutverk og gegna í raun lykilhlutverki á grunnslóðinni við landið. Rétt er að ítreka ánægju félagsins með það góða samstarf sem félagið hefur átt við Landhelgisgæsluna í gegn um áratugin og er ljóst að endurnýjun björgunarskipa Slysavarnafélagsins Landsbjargar mun auka viðbragð og afkastagetu til neyðarviðbragða á sjó til mikilla muna. Þá mun það skapa ný tækifæri og aukna möguleika í samstarfi félagsins og Landhelgisgæslunnar. Aukinheldur er eitt af markmiðum SL að auka öryggi áhafna sinna við leit og björgun og munu ný björgunarskip gera áhöfnum kleift að sinna hlutverki sínu af meira öryggi en áður við betri aðbúnað.

Útköll björgunarskipa SL undanfarin ár eru fjölbreytt s.s. skipsskaðar, aðstoð vegna vélarbilana, leit og björgun, veikindi sjómanna, flutningur sjúkra eða slasaðra frá afskekktum stöðum, eldur í skipum, skip að sökkva o.fl.. Þá eru ótalin margvísleg þjónustuverkefni sem sinnt er af áhöfnum björgunarskipanna. Útköll björgunarskipa eru í eðli sínu mjög krefjandi hvort sem er fyrir búnað eða mannskap enda hefur veður og sjólag mikil áhrif og flóknustu verkefnin unnin við hvað erfiðastar aðstæður. Dæmi eru um að björgunarskip hafa verið úti í meira en 17 klukkustundir samfleytt við að aðstoða fiskiskip í einstökum verkefnum. Þá fjölgar þeim útköllum þar sem skip SL eru að flytja sjúklinga frá svæðum eins og Friðlandinu á Hornströndum hvar ásókn ferðamann eykst ár frá ári. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir fjölda útkalla björgunarbáta félagsins síðustu fjögur ár og það sem af er ársins 2018.

Virðingarfyllt

Slysavarnafélagið Landsbjörg



Jón Svanberg Hjartarson

framkvæmdastjóri



**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG**

Útköll björgunarskipa

